

Styrkir fyrir eTwinning vinnustofu um forritun

Tveir styrkir í boði til að sækja eTwinning símenntunarvinnustofa um forritun í Tallin 25-27. september nk.

Útgangspunktur vinnustofunnar er mikilvægi þess að nemendur skilji þá tækni sem þeir sjá allt í kringum sig. Forritun er lykilatriði í þessu sambandi. Vinnustofan er skipulögð af landskrifstofu eTwinning í Eistlandi.

Fyrir hverja?

Vinnustofan er fyrir grunnskólakennara í öllum fögum (cross curricular). Dagskráin fer fram á ensku.

Styrkur fyrir tvo kennara:

Landskrifstofa eTwinning á Íslandi, Rannsóknamiðstöð Íslands, Rannís, greiðir ferðakostnað, gistingu, uppihald fyrir tvo íslenska þátttakenda, helst frá sama skóla.

UMSÓKNARFRESTUR til og með 19. ágúst nk.

Áhugasamir [sækið um hér](#).

[Smellið hér fyrir frekari upplýsingar](#)

